

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Arnarneshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst. er kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur kr. 10.000 í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins ár hvert.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Arnarneshrepps, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o. fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2003.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.